

# **Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri**

## **Maí-júní**

- Bókhald fært út apríl fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag
- Vsk skil fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag skilað
- Fór á vorkund SSSFS á Patreksfirði 3.-5. Maí. Um er að ræða samtök stjórnenda skrifstofu og fjármála sveitarfélaga. Fengum góða kynningu á Vesturbyggð og fleira
- Ársreikningavinna kláruð með KPMG og fyrri umræða fór fram 13. maí, sú seinni 31. Maí.
- Boðaði nefndarfundi og sveitarstjórnarfund, sendi út svör eftir sveitarstjórnarfund og ritaði fundargerð
- Skil á hreyfingarlistum til lánadrottna og viðskiptavina og köllun eftir því sama hjá lánadrottnum til afstemmingar
- Móttaka og kennsla starfsmanns við afleysingar. Bára Örk byrjaði 8. maí
- Uppfærði verkferla og fleiri v. vinnu á skrifstofu
- Launavinnsla hver mánaðarmót, greiðslur og skil á sköttum og sjóðum
- Innheimta fasteignagjalda og annarar innheimtu fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag
- Sumarskipulag, orlofsdagatöl fyrir deildir og skráning
- Sumarfrí að mestu leyti frá 16. maí-26. Júní.

## **Júlí-ágúst**

- Vann bókhald og laun fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag með Báru
- Fórum í gegnum skjalageymslur og hvað mætti fara í kassa og hverju þurfti að farga. Allt bókhald eldra en 7 ára er komið í kassa, skjöl sem ekki er skylt að geyma var fargað af starfsmanni í atvinnu með stuðningi. Einnig er búið að skanna allar teikningar sem ekki var búið að skanna áður og þær vistaðar á sameiginlegu svæði starfsmanna
- Fórum einnig í gegnum skjalavörslukerfið One system og náðst hefur að skjalavista þau skjöl sem voru komin frá miðju ári 2022. Áður var búið að skjalavista alla samninga og innsend erindi frá 2020 og eins frá 2011-2013 ca. Þarna eru því gloppur inn á milli og ástæðan eru starfsmannaskipti m.a. Það er mikilvægt að koma öllum starfsmönnum betur inn í skjalavistunarkerfið sem fyrst. Þar eru skjöl vistuð og á bæði málsnúmer og skjalalykil sveitarfélagsins
- Fundir og skipulag með Íþróttamiðstöðvarfólki v. sumarleyfa
- Alls kyns reddingar, þrif og innkaup v. skólabyrjunar, útleigu á eignum og þh.
- Sumarfrí að hluta frá 17. júlí – 16. Ágúst

### **Verkefni á vinnslulista:**

- Jafnlaunavottun. Aðhvarfsgreining unnin árlega, innri úttekt og rýnifundur. Kynning til launamanna þ.e. þegar staðfest vottun kemur frá lcert.
- Sorpsamlag og nýjar reglur, breytingar í sorpflokkun, upplýsingar til notenda
- Verkbókhald, aðlaga og innleiða á ný
- Fjárhagsáætlun 2024-2027
- Námskeið í skjalavistun, finna tíma og bóka kennara
- Fjármálaráðstefna 20.-22. september

### **Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.**

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála í samvinnu við sveitarstjórn
- Boðun sveitarstjórnarfunda í samvinnu við oddvita og sending fundargagna. Fundarritun.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda reglulega. Launamiðum launþega skilað í janúar
- Afstemmingar lánadrottna reglulega og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar
- Greiðslur til lánadrottna og bókun innsendra reikninga
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf
- Skil á aðalbók reglulega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar
- Flest hér ofantalið er unnið sömuleiðis fyrir Veitustofnun, Sorpsamlag og Hornsteina

**Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunnskólinn á Hólmavík – Tónskólinn á Hólmavík**  
**Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Ágúst 2023**

Verkefni á frumstigi:

- Endurskoðun á reglum sveitarfélags um skólaakstur

Verkefni í vinnslu:

- Starfsauglýsingar grunnskóla fyrir skólaár 2023-2024-þroskaþjálfari/iðjuþjálfari
- Starfsauglýsingar tónskóla fyrir skólaár 2023-2024-tónlistarkennari
- Starfsauglýsingar leikskóla fyrir skólaár 2023-2024-deildarstjóri, leikskólakennari, ræstitæknir
- Starfsstöð á skólavelli, Vallarhús fullbúa fyrir kennslu
- Mönnun í grunnskóla, skipulag
- Mönnun og skipulag í leikskóla
- Fræðslufundur um ADHD í grunnskóla
- Fræðslufundur um TMT í leikskóla
- Mönnun í frístund, samstarf við félagsmiðstöð
- Samstarf við Dranganes, tveir dagar í viku
- Barnamenningarhátíð Vestfjarða, viðburðir heima í héraði og á Vestfjarðavísu
- Tímaáætlun skólaaksturs, ný tímaáætlun og breyting á fyrirkomulagi
- Skipulag kennslu skólaárið 2023-2024. Staðsetningar, akstur milli staða
- Formgera áætlun fyrir bráðger börn. Ábyrgð: Skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar. Ábyrgð Skólastjóri, jafnréttisfulltrúi.

Verkefni á ársvísu:

- Lærdómssamfélag leikskóla, styrkur úr sprotasjóði
- Þemakennsla, leiðsagnarnám, viðmið um árangur með ráðgjöf Ásgarðs
- Skólahúsnæði, bætt aðstaða til náms og leiks
- Heimasíða, endurskoðun
- Mentor og Karellen – innleiðing
- Samstarfsverkefni Grsk. Drangnesi og Grsk. Hólmavík, Samstarfsdagar/kennslusamstarf

Verkefnum lokið:

- Undirbúningur starfsstöðvar á velli, þrif, innréttingar, undirbúningur flutningur úr sparísjóði og innréttingar
- Endurskoðun námsvísa